

Stefndu skýra svo frá, að firmanafnið hafi ekki borið á góma við samningsgerðir málsaðilja. Mótmæla þeir því, að í kaupunum hafi nafn veitingastofunnar verið selt sem skráð firmanafn, enda hefði það ekki skipt verulegu máli fyrir stefnendur, hvort nafnið var skráð eða ekki.

Stefnendur létu ekki í ljós, er kaupin gerðust, að þeir legðu áherzlu á, að nafn fyrirtækisins væri skráð. Um þetta hefðu þeir getað fullvissað sig fyrirhafnarlítið með því að leita upplýsinga hjá firmaskrá Reykjavíkur. Þegar þessa er gætt, verður ekki talið, að stefndu hafi mátt vera það ljóst, að stefnendur lögðu áherzlu á, að skráð firmanafn fylgdi með í kaupunum, og verður því ekki talið, að hér sé um vanefndir að ræða, enda þótt veitingastofan væri í kaupunum nefnd því nafni, sem hún hafði gengið undir fram til þess, að þau gerðust.

Loks telja stefnendur, að þeir hafi ekki fengið afhenta alla þá muni, sem samkvæmt samningum áttu að fylgja veitingastofunni.

Við samprófanir aðilja hér fyrir dómi hefur komið í ljós, að stefnendur hafa fengið alla þessa muni nema peningakassa og tvo potta.

Ósannað er gegn andmælum stefndu, að peningakassi hafi átt að fylgja í kaupunum, en vöntun pottanna verður eigi talin svo veruleg vanefnd, að varðað geti riftun kaupa þeirra, er málið snýst um.

Samkvæmt framanrituðu ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Gíslason og Elías Steinsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnenda, Jóns Guðmundssonar, Bergs Vilhjálmssonar og Kristmundar Bjarnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1952.

Nr 146/1951. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Andrési Ástvaldi Magnúsi Guðmundi

Blomsterberg (Magnús Thorlacius).

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Samkvæmt rökum þeim, sem greind eru í forsendum hins

áfrýjaða dóms, sem eigi hefur verið áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvaldsins, þykir eiga að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Andrés Ástvaldur Magnús Guðmundur Blomsterberg, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Lárusar Jóhannessonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. maí 1951.

Ár 1951, þriðjudaginn 22. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af fulltrúa sakadómara Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2558/1951: Ákærvaldið gegn Andrési Ástvaldi Magnúsi Guðmundi Blomsterberg, sem dómtekið var samdægurs.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn kærða, Andrési Ástvaldi Magnúsi Guðmundi Blomsterberg smið, til heimilis að Sindra á Seltjarnarnesi, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935 og bifreiðalögum nr. 23/1941 til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. júní 1918 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum: 1935 4/11 Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 13/4 Sátt: 30 króna sekt fyrir að stýra bifhjóli án þess að hafa öðlæzt ökuskírteini.

- 1937 11/12 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
- 1939 21/6 Sátt: 20 króna sekt fyrir bifreiðaárekstur.
- 1939 5/10 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
- 1940 7/6 Sátt: 10 króna sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1940 10/8 Undir rannsókn út af meintri ölvun við bifreiðarakstur. Sannað þótti, að um sök væri ekki að ræða.
- 1940 17/8 Sátt: 15 króna sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1940 22/11 Undir rannsókn út af ökuóhappi, skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
- 1941 21/7 Sátt: 30 króna sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1941 21/10 Sátt: 50 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23/1941, 22. gr., 1. mgr.
- 1942 19/3 Sátt: 30 króna sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1942 11/9 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
- 1943 26/6 Dómur sama réttar: 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 12. kafla hegningarlaganna, áfengislögum og lögreglusamþykkt.
- 1943 23/11 Sátt: 300 króna sekt fyrir brot á verðlagsákvæðum.
- 1944 26/3 Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun o. fl.
- 1945 17/4 Sátt: 250 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1947 12/10 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1948 23/1 Sátt: 40 króna sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði og ljósleysi á bifreið.
- 1949 26/10 Sátt: 50 króna sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1949 26/10 Sátt: 150 króna sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1941 23/2 Sátt í Hafnarfirði: 50 króna sekt fyrir ölvun og ósvífni við lögregluna.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 30. apríl 1950 um kl. 3.00 ók Magnús Aðalsteinsson lögregluþjónn lögreglubifreiðinni R 2810 út á Seltjarnarnes. Með honum í bifreiðinni var Sigurjón Mariásson, Hringbraut 91, bifreiðarstjóri hjá strætisvögnunum. Er þeir höfðu farið nokkuð út á Seltjarnarnes, sneru þeir við. Á heimleið urðu þeir varir við bifreiðina R 3453, er stóð á veginum hjá vestari afleggjaranum, er liggur upp í Lambastaðatún. Bifreið þessi hafði eigi staðið þarna, er þeir óku þarna um skömmu áður. Magnús Aðalsteinsson lögregluþjónn fór að huga að ofangreindri bifreið. Undir stýri sat kærði í máli þessu, Andrés Ástvaldur Magnús Guðmundur Blomsterberg. Magnúsi virtist maður þessi ölvaður. Hann neitaði að hafa ekið bifreiðinni, en kvað mann að nafni Geir hafa gert það og hefði hann farið inn

í nálægt hús. Magnús ók bifreið kærða heim til hans, en síðan var farið með kærða á lögreglustöðina. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra sagði Andrés hið sama. Kvaðst hann hafa verið að drekka uppi í bæ í bifreiðinni, er fyrrgreindur Geir hefði komið til sín, og hefði Geir, sem fyrr greinir, ekið fyrir sig bifreiðinni. Farið var með kærða Andrés í fangageymslu lögreglunnar.

Fyrir rétti daginn eftir skýrði kærði þannig frá atvikum, að hann hefði um kl. 23 þann 29. apríl 1950 hitt mann að nafni Geir, sem kærði kannast við, en veit engin nánari deili á. Varð það að ráði, að kærði fékk mann þenna til að aka bifreiðinni R 3453 fyrir sig, en kærði hafði lagt bifreiðinni hjá afgreiðslustöð Esso hér í bæ. Kærði kveðst, er Geir hóf aksturinn, hafa tekið að neyta af spiritusblöndu, er hann hafði keypt af manni, sem hann ekki þekkir. Ók nú Geir kærða um bæinn um nóttina, en laust fyrir kl. 3 héldu þeir út á Seltjarnarnes og staðnæmdust við afleggjarann, sem liggur upp í Lambastaðatún. Fór margnefndur Geir á brott í hús þar hjá, en kærði var einn eftir í bifreiðinni. Eigi hefur kærði getað bent á, í hvaða hús Geir fór. Nokkru síðar kom lögreglubifreiðin á vettvang, sem fyrr greinir, og þar sem kærði var með áfengisáhrifum þarna í bifreiðinni, var hann handtekinn og fluttur á lögreglustöðina. Kærði kveðst hafa bent lögregluþjóninum að fara í hús þar í nágrenninu og hafa tal af Geir, en hann hafi svarað eitthvað á þá leið, að þeir mundu gera sínar ráðstafanir. Kærði hefur við síðari meðferð málsins haldið fast við það, að nefndur Geir hafi ekið bifreiðinni í umrætt skipti. Kvað hann Geir hafa unnið í Vélsmiðjunni Héðni eftir nýár 1946. Dómarinn lét athuga þetta og var lagt fram vottorð frá Héðni um, að eftir nákvæma eftirgrennslan væri ekki hægt að sjá, að þar hefði neinn Geir unnið eftir nýár 1946. Dómarinn hefur margskorað á kærða, að reyna að hafa upp á ofangreindum manni, en það hefur kærði ekki getað, þótt nú sé um ár liðið frá því, er atvik það, er hér greinir, átti sér stað. Dómarinn fór með kærða á stað þann, sem hann var handtekinn á, tveimur dögum síðar og bað kærða að benda á hús það, er Geir hefði farið inn í um nóttina, en það gat kærði eigi. Stefán Thorarensen lögregluþjónn fór í næstu hús og grennslaðist eftir manni þessum, en enginn af þeim, sem Stefán átti tal við, hafði orðið var við mannaferðir aðfaranótt 30. apríl s.l.

Vitnið Magnús Aðalsteinsson lögregluþjónn hefur borið fyrir rétti, að kærði Andrés hafi setið undir stýri í bifreiðinni, er komið var að honum, en byrjað, eftir að hann fór að tala við hann, að færa sig til og setið um það bil fyrir miðju, milli framsætanna, er vitnið sagði honum að flytja sig alveg yfir, en vitnið settist sjálft undir stýri og ók bifreið kærða heim til hans. Kærði gat um föðurnafn nefnds Geirs, sem fyrr greinir, en vitnið setti það eigi á sig. Kærði gat eigi sagt til um, í hvaða hús nefndur Geir hefði farið, en í húsi því, sem bifreið hans stóð gegn, voru margar íbúðir, svo að vitnið sá eigi ástæðu til að leita margnefnds manns þarna um nóttina. Vitnið Sigurjón Mariasson kveður kærða hafa snúið sér við, er lögreglubifreiðin nálgaðist, eins og til að láta lítið á sér bera. Kærði sat undir stýri, er komið var að bifreiðinni. Var hann greinilega ölvður.

Hann neitaði að hafa ekið, en kvað einhvern Geir hafa gert það og nefndi föðurnafn hans, en það setti vitnið ekki á sig.

Pegar virt eru þau atvik í máli þessu, að vitnin Magnús Aðalsteinsson og Sigurjón Mariasson bera, að kærði Andrés hafi setið undir stýri í bifreiðinni R 3453, er þau komu að henni, að vitnið Magnús ber, að kærði hafi reynt að færa sig undan stýrinu, á meðan það átti tal við hann, að vitnið Sigurjón ber, að kærði hafi snúið sér við, eins og til að láta lítið á sér bera, er vitnin nálguðust bifreiðina, að kærði hefur enga frekari grein getað gert fyrir Geir þeim, sem hann kvað hafa ekið bifreiðinni, en nú er rúmt ár liðið, frá því fyrrgreint atvik átti sér stað, þykir nægilega sannað með hliðsjón af hegningarvottorði kærða þrátt fyrir neitun hans, að hann hafi sjálfur ekið bifreiðinni, en kærði var samkvæmt eigin játningu og vitnaframburði með áfengisáhrifum. Með því að aka bifreið með áfengisáhrifum hefur kærði gerzt brotlegur gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. Þykir refsing hans samkvæmt 2. gr. laga nr. 6/1951 hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta kærða ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 250.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á máli þessu, sakir þess hve erfiðlega hefur gengið að ná til kærða.

Dómsorð:

Kærði, Andrés Ástvaldur Magnús Guðmundur Blomsterberg, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 250.00, til skipaðs talsmanns síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.